

SUND / EVRÓPUMEISTARAMÓTIÐ Í AÞENU

# Met hjá Magnúsi og Ingibjörgu

Íslenska sundliðið hefur sett sex Íslandsmet í Aþenu

**MAGNÚS Már Ólafsson og Ingibjörg Arnardóttir bættu tveimur Íslandsmetum í safn íslenska landsliðsins á Evrópumótinu í Aþenu í gær og náðu bæði að komast í B-úrslit. Krisztina Eggerszegi, Ungverjalandi, bætti heimsmetið í 100 metra baksundi.**

Ingibjörg Arnardóttir var með 16. besta tímarnum í undarásunum í 400 m skriðsundi, synti á 4:29.29 mín. og var aðeins 0,23 sek. frá Íslandsmeti Helgu Sigurðardóttur. Í B-úrslitum gerði hún enn betur og synti á 4:22.56 mín. og bætti Íslandsmetið um tæpar sjö sekúndur. Hún hafnaði í 14. sæti af 24 keppendum. „Ingibjörg synti mjög vel í úrslitasundinu og sýndi og sannaði að hún er á mikilli uppleið og í góðri æfingu,“ sagði Guðfinnur Ólafsson, formaður SSI, sem er með sundliðinu í Aþenu.

**Þriðja met Magnúsar**

Magnús Már Ólafsson bætti Íslandsmet sitt í 100 m skriðsundi í undanrásunum og náði inni í B-úrslit, synti á 51,62 sek., en gamla metið var 52,01 sek. og setti hann það á ÓL í Seoul 1988. Í úrslitasundinu synti hann á næstum sama tíma,

51,63 sekúndum. Þetta var þriðja Íslandsmet hans á mótinu. Áður hafði hann sett met í 100 m flug-sundi og 200 m skriðsundi. Alls hafa sex Íslandsmet fallið í Aþenu. Arnar Freyr Ólafsson varð í 30. sæti af 34 í 100 m skriðsundi á 53,27 sek. og bætti fyrri árangur sinn hálfa sekúndu. Hann komst ekki í úrslit. Ævar Örn Jónsson hafnaði í 29. sæti af 30 í 200 metra baksundi, synti á 2:12.30 mínútum.

**Annað heimsmet Ungverja**


Krisztina Eggerszegi setti annað heimsmet Ungverja á mótinu er hún vann Evrópumeistarátítilinn í 100 m baksundi kvenna, synti á 1:00.31 mín. og bætti metið, sem Ina Kleber A-Þýskalandi setti í Moskvu 1984, um 0,28 sekúndur. „Þetta sund var mjög erfitt, eitt það erfðasta sem ég hef tekið þátt í. Ég er mjög án-

ægð en jafnframt undrandi,“ sagði Eggerszegi sem er aðeins 17 ára gömul.

Alexander Popov vann áttundu gullverðlaun Sovétríkanna er hann sigraði í 100 metra skriðsundi á nýju Evrópumeti, synti á 49,18 sekúndum. „Ég vissi að ég gæti sigrað og langði til þess. Ég keyrði á útopnu allt sundið í gegn. Ég bjóst við að ná Evrópumetinu, en ekki á þessu móti,“ sagði Popov sem er 19 ára.

Irene Dalby vann fyrsta Evróputítil Norðmanna frá upphafi er hún kom fyrst í mark í 400 m skriðsundi kvenna, synti á 4:11.63 mínútum. Rúmenska stúlkan Beatrice Coada, sem hélt upp á 16 ára afmælið sitt á þriðjudaginn, varð önnur á 4:12.33 mín.

Heimsmeistarinn Martin Lopez Zubero frá Spáni sigraði nokkuð örugglega í 200 m baksundi karla. Hann synti á 1:58.66 mín. Þess má geta að hann var aðeins með 7. besta tímarnum inni A-úrslit.



Ingibjörg Arnardóttir bætti Íslandsmetið í 400 metra skriðsundi um tæpar sjö sekúndur á Evrópumeistaramótinu í Aþenu í gær. Hún hafnaði í 14. sæti.

GOLF

## Erfðasta mót sem ég hef tekið þátt í

— segir Úlfar Jónsson um Evrópumeistaramót áhugamanna


**ÚLFAR Jónsson úr GK og Sigurjón Arnarsson úr GR taka þátt í Evrópumeistaramóti áhugamanna í golfi sem fram fer í Englandi. Eftir fyrsta dag er Úlfar í 23. sæti en Sigurjón í 95.**

Þetta gekk þokkalega hjá mér en Sigurjón er óhress með hvernig honum gekk,“ sagði Úlfar í samtali við Morgunblaðið í gærkvöldi. „Þetta er mjög erfitt mót og eitt það erfðasta sem við höfum tekið þátt í. Nú eru allir ensku kylfingarnir með, en undanfarin ár hefur mótið rekist á annað sem þeir hafa frekar farið á. Hvert högg hér

þýðir 10-15 sæti upp eða niður,“ sagði Úlfar.

Hann lék Hillside völinn, sem er við hliðina á Barkedale-vellinum, á 73 höggum, eða einu yfir pari og einu undir SSS og er í 23.-37. sæti. Sigurjón lék á 78 höggum og er í 95.-105. sæti.

Besta skor í gær var 69 högg og 53 af 140 kylfingum komu inn á SSS vallar eða betra skori. Allir kylfingarnir eru með SSS eða + í forgjöf þannig að mótið er mjög sterkt. „Það er greinilegt að maður verður að halda vel á spöðunum, eða kylfunum, til að komast áfram,“ sagði Úlfar, en eftir daginn í dag verður keppendum fækkað í 80 og eftir morgundaginn í 60.



Úlfar Jónsson er í 23. sæti eftir fyrsta dag keppinnar.

## Sanders bauð Þórði skólavist

**PÓRÐUR E. Ólafsson úr Leyni varð í fjórða sæti á Doug Sanders golfmótinu sem lauk í Skotlandi á miðvikudaginn. Í framhaldi af árangri hans bauð Doug Sanders honum skólavist í Bandaríkjunum og þykir það hin mesta viðurkenning.**

Þórður lék frábærlega vel fyrri dag mótsins, en þá lék hann á 71 og 70 höggum, en þar Kings Links vallarins er 72. Doug Sanders var síðar um daginn með golfsýningu og kennslu og það þá m.a. Þórð að slá nokkra bolta. Síðan tjáði hann Þórði að hann væri tilbúinn að aðstoða hann við að komast í háskóla í Bandaríkjunum. Síðari daginn lék Þórður á 73 og 76 höggum og í lokahöfnu ítrekaði Sanders boð sitt um skólavist.

Þórður er aðeins 17 ára gamall

og er búinn með einn vetur í Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi. Hann verður því að bíða með að fara til Bandaríkjanna til náms, en boðið stendur.

Það var franskur piltur sem sigraði á 281 höggi, Skoti og Svíi komu næstir með 289 högg og síðan kom Þórður á 290. Skotinn og Svíinn fengu ekki boð um skólavist en það gerði hins vegar Þórður. Sanders hafði orð á því að hann væri að leita að sérstökum drengjum og Þórður væri einn þeirra.

Fyrir fimm árum fékk Úlfar Jónsson úr Keili, samskonar boð frá Sanders sem hann þáði eftir að hann lauk námi hér heima. Úlfar var rétt að verða 18 ára þegar hann fékk boðið en Þórður varð 17 ára í janúar. Hann hefur leikið mjög vel í sumar, var með 5 í forgjöf í vor en er nú kominn niður í 2.

KNATTSPYRNA / BIKARÚRSLITALEIKUR

## Tekst FH að stöðva Val?

Valur hefur leikið 870 mínútur án þess að tapa í Bikarkeppninni

**FH og Valur leika til úrslita um Mjólkurbikarinn á Laugardalsvelli kl. 14 á sunnudaginn kemur. Valsmenn hafa leikið í 870 mínútur án þess að tapa í bikarkeppninni. Þeir hafa sex sinnum orðið bikarmeistarar. FH-ingar hafa aldrei náða að vinna bikarinn, en einu sinni komist í úrslit, árið 1972.**

Þjálfarar liðanna, Ingi Björn Albertsson Val og Ólafur Jóhannesson FH, þekkjast vel því þeir léku saman með FH í 1. deild 1986. Þeir voru frekar varkárir á blaðamannafundi í gær og vildu ekki spá um úrslit leiksins.

Ólafur sagði að þeir hjá FH myndu haga undirbúningi liðsins svipað og fyrir aðra leiki nema að liðið ætlaði að dvelja að Hótel Ör

í Hveragerði frá föstudegi til sunnudags. „Við förum þangað til að þjappa okkur betur saman og ná upp stemmningu.“

Ingi Björn sagði að Valsliðið myndi æfa á Valsvelli á laugardaginn og síðan yrði farið í Blá lónið og dvelja þar fram að leik. Liðið fær að nota æfingaaðstöðu hjá Grindvíkingum. Um leikinn sagði hann: „Við vitum að FH-ingar eru með öflugt lið og þeir verða erfðir. Okkur hefur gengið illa að undanförmum og við þurfum að finna leið út úr því dæmi.“

Forsala á leikinn hefst í dag. Valsmenn verða með forsölu í Valsheimilinu og í Kringlunni og FH-ingar í Kaplakrika og miðbæ Hafnarfjarðar. Miðaverð í stúku er 1.100 kr. og 700 kr. í staði og fyrir börn 300 krónur.



Þjálfararnir, Ólafur Jóhannesson FH og Ingi Björn Albertsson Val, þekkjast vel því þeir léku saman með FH í 1. deild 1986. Á sunnudaginn munu þeir berjast um hinn eftirsótta bikar sem er á milli þeirra.

# ÍÞRÓTTIR FOLK

**ELÍSBET Stefánsdóttir**, markvörður 1. deildarliðs Týs í Vestmannaeyjum, meiddist í leiknum gegn Þór í fyrrkvöld. Hún fór útaf þegar staðan var 1:2 og er talið að hún hafi slitið liðbónd eða fótbrotnað. Elísabet hefur einnig staðið í marki hjá 2. flokki félagsins sem leikur í úrslitakeppni þess flokks nú um helgina og missir hún af þeirri keppni.

**BERGUR Ágústsson**, leikmaður ÍBV í 1. deild, leikur ekki síðustu þrjá leikina í deildinni. Hann heldur til Noregs um næstu helgi þar sem hann er í námi.

**TVEIR** enskir áhangendur Tottenham þurftu að gista fanga-geymslur lögreglunnar í Vínarborg eftir leik Tottenham og SV Stokerau á miðvikudaginn. Englend-ingarnir voru handteknir fyrir ólæti á bar í skemmtigarði, annar fyrir að ráðasta að veitingastúlku þar og hinn fyrir að ráðast á saklausan vegfarenda sem átti leið hjá.